



Laus er til umsóknar staða skólastjóra við Grenivíkurskóla – afleysing í 1 ár

Grýtubakkahreppur leitar að drífandi, metnaðarfullum og traustum einstaklingi með góða þekkingu á skólastarfi til að leiða framsækið og skapandi skólastarf. Um er að ræða **tímabundna stöðu** til eins árs, skólaárið 2026-2027.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Fagleg forysta og þróun skólastarfs í samræmi við lög um grunnskóla, aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Grýtubakkahrepps.
- Daglegur rekstur, stjórnun og starfsmannamál.
- Að leiða starf í framsæknu og metnaðarfullu skólasamfélagi sem leggur m.a. áherslu á góðan skólabrag, teymiskennslu, lýðheilsu og umhverfismennt.
- Að stuðla að góðu samstarfi við aðila skólasamfélagsins; starfsfólk, nemendur, foreldra og nærsamfélagið.
- Önnur verkefni í samráði við yfirmann.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf til kennslu og reynsla af kennslu í grunnskóla er skilyrði.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, kennslufræði, uppeldis- og menntunarfræða eða á öðru fagsviði sem nýtist í starfi æskileg.
- Reynsla af stjórnun, faglegri forystu og þátttöku í skólaþróunarverkefnum æskileg.
- Leiðtogaþæfileikar, lipurð í samskiptum, sveigjanleiki, jákvæðni og rík þjónustulund.
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði.
- Mjög góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Gerð er krafa um vammleysi, gott orðspor og framkomu.

Grenivíkurskóli er grunnskólinn í Grýtubakkahreppi, í um 30 mínútna akstursfjarlægð frá Akureyri. Í skólanum eru um 50 nemendur í 1. – 10. bekk. Þar ríkir góður starfsandi og leitast er við að haga skólastarfinu í sem fyllsta samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Meðal þess sem við leggjum ríka áherslu á er góður skólabragur, teymiskennsla, lýðheilsa og umhverfismennt.

Nánari upplýsingar um skólann má finna á www.grenivikurskoli.is

Umsóknarfrestur er til 7. apríl. Umsókn um starfið skal fylgja starfsferilskrá og afrit af leyfisbréfi auk kynningarbréfs þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns eða uppruna, eru hvattir til að sækja um. Umsóknir skal senda í tölvupósti á netfangið grenivikurskoli@grenivikurskoli.is. Öllum umsóknum verður svarað, en Grýtubakkahreppur áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Nánari upplýsingar veita:

- Þorgeir Rúnar Finnsson, skólastjóri, í síma 868-2385 eða í tölvupósti thorgeir@grenivikurskoli.is
- Pröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri, í síma 414-5400 eða í tölvupósti throstur@grenivik.is